



854. fundur stjórnar GSÍ, 9. október 2014, kl.17:00 á skrifstofu GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Rósa Jónsdóttir, Bergsteinn Hjörleifsson, Eggert Sverrisson, Gylfi Kristinsson, Kristín Guðmundsdóttir, Theódór Kristjánsson, Jón Júlíus Karlsson og Bergþóra Sigmundsdóttir sem skráði fundargerðina.

1. Fundargerðir síðastu tveggja funda
Fundargerðir frá 11. september sl. og 18. september sl. voru samþykktar og hafa verið birtar á vefnum.
2. Lokahóf GSÍ
Forseti ræddi um lokahóf GSÍ sem haldið var í höfuðstöðvum Íslandsbanka að Kirkjusandi þriðjudaginn 30. september sl. Móttökur hjá Íslandsbanka mæltust vel fyrir og mættu um 90 manns í lokahófið. Afhent voru verðlaun í Eimskipamótaröðinni, Íslandsbankamótaröðinni og áskorendamótaröðinni. Ánægjulegt var að sjá hvað margir verðlaunahafar sáu sér fært að koma. GSÍ þakkar styrktaraðilum mótaraðanna fyrir veittan stuðning og samvinnu.
3. Útgáfumál
Nýjasta blaðið er í prentun og kemur út á næstu dögum. Meginefni þess er umfjöllun um Íslandsmeistaramótið. Ræddar voru ýmsar hugmyndir um útgáfu á golfefni m.a. hvort ekki væri betra að gefa út blað með fréttum af Íslandsmóti strax að loknu móti.
4. Formannafundur
Formannafundur verður haldinn laugardaginn 8. nóvember nk. að Hótel Borgarnesi. Dagskrá fundarins var rædd, fyrirlesarar ákveðnir og frekari framkvæmd fundarins. Fyrir hádegi verður skýrsla stjórnar flutt, reikningar lagðir fram til samþykkis og fjárhagsáætlun næsta árs rædd. Eftir hádegi verður umfjöllun um ýmis mál er varða golfíþróttina. Unnt er að koma með tillögur um málefni til umfjöllunar á fundinum til 15. október nk. eins og fundarboð ber með sér. Forseti lagði ríka áherslu á mikilvægi fundarins m.a. út frá félagslega þættinum.
5. Stefnumótun á formannafundi
Á formannafundinum munu formenn vinnuhópa skýra frá störfum hópanna.
6. Barna- og unglingaráðstefna í Svíþjóð
Rósa og Úlfar fóru á ráðstefnu í Svíþjóð um íþróttir barna- og unglinga. Var mikið rætt um brottfall unglinga úr íþróttum og hvaða leiðir væru best til þess fallnar til að koma í veg fyrir brottfall þeirra. Þá kom fram á ráðstefnunni að mun auðveldara væri fyrir unglinga að leika sér í tölvu en að mæta á æfingar. Margir fróðlegir



fyrirlestrar voru fluttir á ráðstefnunni. Stjórnarmönnum hefur verið send skýrsla Úlfars um ráðstefnuna.

7. Stjórnarfundir fram að formannafundi

Næsti stjórnarfundur verður 22. október nk. kl. 17:00 og einnig verður stjórnarfundur í vikunni fyrir formannafund.

8. Önnur mál

- Fundur í mótanefnd

Stjórninni voru kynntar ýmsar hugmyndir um breytt mótafyrirkomulag sem fram komu á fundi nefndarinnar. Málið er í vinnslu.

- Rætt um KPMG mótið

Ýmsar hugmyndir ræddar um framkvæmd mótsins, tímasetningu þess o.fl. Málið er í vinnslu.

- Fjárhagsáætlun nefnda

Ræddar hugmyndir um að nefndir á vegum GSÍ geri fjárhagsáætlanir fyrir hvert starfsár. Stjórnarmönnum leyst vel á hugmyndina og verður málið skoðað frekar.

- Golf.is

Framkvæmdastjóra er falið að senda stjórnarmönnum GSÍ upplýsingar í tölvupósti um breytingar þær sem gerðar hafa verið í sumar á tölvukerfi golf.is og þær breytingar sem væntanlegar eru. Þá myndi hann einnig lýsa á ferlinu og hvernig framkvæmdin gekk fyrir sig.

- Stefnumótun fjármála GSÍ 2014-2020

Gjaldkeri lagði fram tillögur að stefnumótun fjármála GSÍ fyrir næstu 6 árin. Þær voru ræddar og samþykkt að leggja tillögurnar fram á næsta golfþingi með nokkrum breytingum. Tillögurnar verða kynntar á næsta formannafundi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.19:00.